



**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is

**Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun**
Sími: 456 6600

- VEITINGAR
- SKEMMTUN
- LIFANDI TÓNLIST
- GÓÐ ÞJÓNUSTA



KAFFI EDINBORG
www.kaffiedinborg.is



**Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er**
410 4156



Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur 26. júní 2008 · 26. tbl. · 25. árg.

Samgöngu- og öryggismál rædd í ferð bæjarstjóra til Grænlands

Samgöngu- og öryggismál voru á meðal umræðuefna í ferð Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, til Grænlands um helgina, en Halldór var í fylgdarliði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra sem var í opinberri heimsókn til landsins. Þá var einnig var rætt um aukin samskipti Vestfjarða og austur Grænlands. Halldór segist hafa haft mikinn áhuga á samstarfi við austur Grænland síðastliðin ár en möguleikar á þessu sviði eru miklir enda byggðirnar afar nálægt hvorri annarri.

„Í fyrsta lagi höfum við reynt að fá aukin umsvif á austur Grænlandi en vegna nálægðar okkar munum við hljóta góðs af aukinni farsæld á þessum slóðum. Helst ber að nefna námuvinnslu og olíuleit, en taldar eru líkur á því að mikla olíu sé að finna á þessu svæði. Sem næsta höfn og með olíuhreinsunarstöð hugs-



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar ásamt þeim Aleqa Hammond, sem fer með utanríkismál í grænlensku landsstjórninni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

anlega að rísa á svæðinu eru möguleikarnir miklir“, segir

Halldór.

Hann segir að einnig hafi

verið rætt um aukna þjónustu

við svæðið en á austur Græn-

– nonni@bb.is

Kríuvarp með ágætum

Kríuvarp hefur gengið með ágætum á Vestfjörðum eins og annars staðar á landinu í sumar. Aðspurður segist Böðvar Þórisson hjá Náttúrustofu Vestfjarða telja að fuglinum gangi þokkalega að fóta sig og segir mikið af Kríu og mikið af eggjum. Sömu fregnir berast úr Flatey á Breiðafirði.

Þó eflaust séu flestir sam- mála um að krían sé fallegur fugl og góður flugmaður,

þykir hún yfirráðasöm og há- vær og fer það í taugarnar á sumum. Flugvallastarfsmenn hafa lengi eldað grátt silfur með kríunni og hefur sam- búðin oft verið stíð, en krían virðist kjósa að hafa hreiður nálægt flugvélaumferð af ein- hverjum ástæðum. Því hefur verið fleygt að mávar séu log- andi hræddir við slíka umferð og þess vegna kjósi krían sér oft hreiðurstað við flugvelli.



Krían er fallegur fugl. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.



Samstarf hugsanlegt

Samstarf Háskóla- seturs Vestfjarða og háskóla á Grænlandi eru hugsanleg í framtíðinni. Peter Weiss, forstöðumaður Háskóla- setursins, var með í fylgd- arliði utanríkisráðherra til Grænlands um síðustu helgi. Ræddi hann við grænlensk háskóla- fyr- völd um hugsanlegt sam- starf í menntamálum.

„Við ræddum hugsan- legt samstarf í fjarnámi og samstarf hvað varðar haf- og strandsvæðastjórnun- námið sem er í boði hjá okkur. Hjá grænlenska há- skólanum fer fljótlega af stað nám sem rannsakar meðal annars loftlagsbreyt- ingar og þau áhrif sem þau munu hafa á Grænland og samfélagið“, segir Peter.

Hann segir ekkert vera komið á hreint enn, ferðin hafi fyrst of fremst verið til að skapa persónutengsl milli háskólanna og ræða möguleikana en ekkert þessu líkt hafi verið gert áður. „Við erum í sam- starfi við marga háskóla í fjarlægum löndum. Það er frekar óeðlilegt að vera ekki í samstarfi við há- skóla sem er svona nálægt, því eru þessi tengsl kær- komin.“ – nonni@bb.is



... hugsum stórt
EIMSKIP
www.eimskip.is

Reksturinn sameinaður á einum stað?

Til stendur að olíufélagið N1 taki yfir rekstur Bensínstöðvarinnar á Ísafirði í haust. Aðspurður um málið segir Ómar Jóhannsson, rekstrarstjóri á neytendasviði hjá N1, að ætlunin sé að sameina reksturinn á Ísafirði undir forræði fyrirtækisins. „Það stendur til að gera það í haust. Við stefnum að því að hætta með umboðssölu og ætlum að sameina rekstur okkar á staðnum“,

segir Ómar, en auk Bensínstöðvarinnar hefur verslunin Birkir í Hafnarstræti verið með vörur frá fyrirtækinu í sölu. „Meiningin er að aðstaðan sem er í dag verði stækkuð og þar verði öll þjónustan í boði. Þetta er meiningin að gera, en það er ekkert ákveðið.“ Aðspurður segir Ómar að vissulega muni breytingar fylgja í kjölfarið ef þetta gengur eftir, en ítrekar að ekkert

hafi verið fastneglt. „Það sem N1 hefur verið að gera á sumum stöðum er að sameina reksturinn, hafi hann verið á fleiri en einum stað. Forsendan fyrir því að slíkt verði gert er að húsnæðið verði stækkað“, segir Ómar. „Þetta rýmist ekki í núverandi húsnæði. En það er ekki búið að sækja um byggingarleyfi. Það er ekki einu sinni búið að teikna húsnæðið.“ – *halfdan@bb.is*



Bensínstöðin á Ísafirði.



Stefnir í fjölgun fæðinga

Tuttugu og átta börn hafa komið í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á árinu og það stefnir í að fæðingum muni fjölgi milli ára. „Þetta er fjölgun frá því á sama tíma og í fyrra og það stefnir í að sumarið verði annarsamt hjá okkur“, segir Halldóra Karlsdóttir, ljósmóðir á sjúkrahúsinu.

Þá hafa fleiri stelpur en strákar komið í heiminn á fyrri helming ársins en að sögn Halldóru virðist það koma í törnum og segir ekkert um það hvernig kynjaskiptingin verður í árslok. Sautján stelpur hafa fæðst frá byrjun árs á móti ellefu strákum.

Hemmi Gunn hefur áhyggjur af safninu á Hrafnseyri

Hermann Gunnarsson eða Hemmi Gunn, hefur áhyggjur af fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri. En 200 afmæli Jóns er rétt handan við hornið. „Safnið á Hrafnseyri er barn síns tíma“, segir Hermann Gunnarsson – Hemmi Gunn. Senn líður að 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar og hefur Hemmi áhyggjur af því að safnið á fæðingarstað Jóns, Hrafnseyri, verði ekki í nægilega góðu ástandi þegar af-

mælið gengur í garð hinn 17. júní 2011. „Það hefur alltaf staðið til að gera þetta upp. Davíð Oddsson var ákafur um að þetta yrði gert þegar hann var forsætisráðaherra. Síðan var skipuð nefnd og hún á að skila hugmyndum fyrir árslok. Ég bið bara spenntur að sjá hvað kemur út úr því“, segir Hemmi í samtali við Fréttablaðið.

Hemmi bindur miklar taugar til safnsins á Hrafnseyri

enda Vestfirðingur. „Ég var safnsstjóri þarna í tvö sumur. Þar komst ég að því að útlendingar vita meira um Jón Sigurðsson en Íslendingar“, segir Hemmi og telur það afar sorglegt. „Mér er mjög umhugað um að Íslendingar kynnist þessari frelsishetju okkar, sem var mikill heimsmaður og stórhuga.“

Hemmi segir að Íslendingar eigi að vera stoltir af Jóni og þess vegna búa minningu hans

almennilegt safn. „Síðan hafa Rússar skáhallt á móti áform um að reisa olíuhreinsunarstöð. Ég held að það væri betra að líta okkur aðeins nær. Það er náttúrufegurðin sem dregur alla til Vestfjarða og auk þess eigum við að gera Jóni hátt undir höfði. Ég verð ekki í rónni fyrir“, segir Hemmi.

Hallgrímur Sveinsson var staðarhaldari á Hrafnseyri í fjórutíu ár. Hann lét af störfum árið 2005. Valdimar Halldórsson

tók við af honum og gegnir meðal annars starfi staðarhaldara og safnvarðar. Valdimar er á Hrafnseyri frá maí fram í október en Hemmi telur nauðsynlegt að manna safnið allan ársins hring og lyfta því á hærri stall. Ekki dugi að halda minningu Jóns einungis á lofti með mynd á fimmhundruðkróna seðlinum. „Sem hriðfellur og fellur“, segir Hemmi og hlær sínum vinalega hlátri.



Minnti á svipmyndir úr seinni heimstyrjöldinni

Fjórú einkaflugvélum var flogið í einni kós til Ísafjarðar á sunnudagskvöld. Vélarnar flugu í fylkingu yfir Ísafjörð á leið sinni frá bænum og minnti sjónin helst á svipmyndir úr seinni heimstyrjöldinni og engu líkara en til staði að teppasprengrja Tunguskóg. Sú var blessunarlega ekki ætlunin og var vélunum flogið í friði og spekt upp Tungudalinn og út úr Skutulsfirðinum. Vélarnar voru af gerðinni Cessna 172, Champion Citabria, American Champion og Bellanca. Á myndinni sjást vélarnar eftir landingu á Ísafjarðarflugvelli.

Skönnunarmiðstöð orðin að veruleika

Skönnunarmiðstöð hefur verið sett á laggirnar hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði. Miðstöðinni er komið á fót í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Fasteignamat ríkisins. Hlutverk miðstöðvarinnar er að skanna eldri þinglýst skjöl alls staðar að af landinu yfir á rafrænt form. Ráðnir hafa verið tveir starfsmenn og stendur til að fjölga þeim í fjóra. Byrjað verður á að skanna skjöl úr umdæmi sýslumannsins á Ísafirði, síðan skjöl frá Reykjavík og svo koll af kolli.

Markmiðið með verkefninu er að gera skjölin aðgenginleg á rafrænu formi hjá hvaða sýslumannsembætti sem er þannig að ekki þurfi sérstaklega að sækja þau á geymslustaði til ljósritunar. „Við tókum til starfa um mánaðamótin“, segir Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði. „Núna starfa tveir starfsmenn við skönnunina og það gengur ofboðslega vel. Það er mismunandi eftir árum hversu auðveld skjölin eru í skönnun. Því eldri sem þau eru því erfiðara verður að skanna. Við byrjum á yngstu kössunum

þannig að það má búast við að hægist á.“

Eins og áður segir verða skjöl úr umdæmi sýslumannsins á Ísafirði skönnuð fyrst. „Í haust eða vetur förum við að skanna skjöl frá Reykjavík og svo förum við hringinn. Það er ætlunin að miðstöðin taki svo að sér önnur verkefni frá opinberum aðilum eða einka aðilum. Þetta á ekki að vera tímabundið.“

Aðspurð segist Kristín hafa tekið tvö herbergi undir miðstöðina. „Annað tilheyrði tollinum og hitt var bókasafn. Það er ætlunin að opna á milli herbergja og ég sé fyrir mér að þar geti orðið aðstaða fyrir fjóra starfsmenn, en ég geri ráð fyrir að fá tvö önnur stöðugildi í haust“, segir Kristín Völundardóttir.

„Verkefnið var sett af stað að frumkvæði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og er það liður í átaki stjórnvalda til styrktar atvinnulífi á Vestfjörðum. Jakob Magnússon, sérfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Kristín Völundar-



Kristín Völundardóttir sýslumaður, starfsmenn miðstöðvarinnar þær Jónína Guðmundsdóttir, Sigríður Gísladóttir, og Anna Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri. Mynd: Skúli Berg.

dóttir, sýslumaður á Ísafirði, og Ólafur Hallgrímsson, fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði, höfðu veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd

verkefnisins“, segir í vefriti dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Þess má að lokum geta að auk verkefnisins á Ísafirði sér

sýslumaðurinn á Hólmavík nú um löggildingu dómtúlka og skjalaþýðenda. Eru þessi tvö verkefni hluti af nýskipan í starfi sýslumanna þar sem ým-

is verkefni eru og verða flutt frá ráðuneyti og stofnunum þess til embætta utan höfuðborgarsvæðisins.

– halfdan@bb.is



Bolungarvík.

Þörf á deiliskipulagsbreytingu fyrir 40 frístundahús

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur hefur falið tæknideild að hefja aðal- og deiliskipulagsvinnu svo hægt sé að veita byggingarleyfi vegna 40 frístundahúsa í nágrenni Bolungarvíkurhafnar. Á fundi ráðsins á dögunum var lögð fram teikning frá Teiknistofunni Eik um mögulegar staðsetningar fyrir gistihús í Bolungarvík. Samkvæmt aðal-

skipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 er ekki gert ráð fyrir byggð fyrir gistihús á svæðinu við Hólsá og Lambhaga. Því þarf að breyta aðal- og deiliskipulagi til að hægt sé að veita byggingarleyfi fyrir slíkum húsum á þeim stöðum. Samkvæmt gildandi aðal- skipulagi heimilar svæðið sem afmarkast af Hafnargötu, Aðalstræti og Brimbrjótsgötu,

byggð gistihúsa og er því eingöngu þörf á deiliskipulagsbreytingu.

Á sama fundi var fjallað um erindi þar sem óskað er eftir úthlutun lóða fyrir 5-6 hús neðan við lóðirnar Hólsveg 6 og 7. Umhverfismálaráð benti á að umsóknin samræmist ekki gildandi aðal- og deiliskipulagi Bolungarvíkur- kaupstaðar og því er ekki hægt

að úthluta umbeðnum svæðum neðan Hólsvegar 6 og 7 og svæðinu milli Hólsár og Hafnargötu 5, fyrr en skipulagsvinnu er lokið. „Bent skal á að slíkt ferli tekur minnst hálf ár og er því ekki hægt að verða við óskum bréfitara um að framkvæmdir geti hafist sumarið 2008“, segir í bókun fundar.

– thelma@bb.is

Innkaupareglur samþykktar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt nýjar innkaupareglur fyrir sveitarfélagið samkvæmt tillögum fjármálastjóra og bæjar- tæknifræðings. Samkvæmt samþykktinni skal meginreglan vera sú að útboð sé viðhöfð og skylt að viðhafa útboð sé fjárhæð vegna verklegra framkvæmda yfir 10 milljónum króna og vegna þjónustu- og vörukaupa yfir 3 milljónum króna. Í lögum um opinber innkaup frá árinu 2007 kemur fram að öll innkaup á vörum yfir 5 milljónir króna og kaup á þjónustu og verkum yfir 10 milljónir króna skal bjóða út eða gera í samræmi við þau innkaupaferli sem nánar er kveðið á um í lögum.

Þá var tillögu Í-listans hafnað en hún fölst í því að fjórða grein innkaupareglanna, sem ber heitið „Samningar og fjárhæðir“ hljóði svo. „Þegar áætluð samningsupphæð verklegrar framkvæmdar er yfir 5 milljónir króna skal útboð viðhaft. Ef áætluð fjárhæð vegna vöru- og eða þjónustukaupa er yfir 3 milljónir króna skal sömuleiðis viðhafa útboð. Allar tölur eru með virðisaukaskatti. Auk þess leggjum við til að allsstaðar þar sem talað er um vörukaup komi í staðinn vöru- og



þjónustukaup.“

Innkaupareglur eru meðal annars settar til að auka gegnsæi í viðskiptum opinberra aðila og til að tryggja jafnræði gagnvart viðskiptum við sveitarfélagið. „Við teljum að almennt auki útboð líkurnar á hagstæðum viðskiptum fyrir sveitarfélagið og stuðli jafnframt að vandaðri kostnaðaráætlanagerð. Af þessum sökum er mikilvægt, að viðhafa slíka viðskiptahætti eins oft og mögulegt er. Fjárhæðin 5 milljónir króna vegna verklegra framkvæmda er ekki íþyngjandi þar sem 14. grein reglnanna kveður á um að heimilt sé að víkja frá þessum reglum ef ríkar ástæður eru fyrir hendi“, segir í greinargerð sem fylgdi tillögu Í-listans.

– thelma@bb.is



Verk-Vest félagar könnuðu Flatey

Tæplega 90 manna hópur félaga í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og maka fór í ævintýraferð í Flatey á Breiðafirði á dögunum. Farið var ferjunni með Baldri frá Brjánslæk, en þangað höfðu ferðalangar safnast saman af félagssvæðinu, frá Patreksfirði til Súðavíkur með rútu eða einkabílum. Um borð í Baldri var framreiddur morgunmat, brauð og kröftug sjávarréttsúpa.

Í Flatey gafst góður tími til að ganga um eyna og skoða

sig um. „Í Flatey var allt frá miðöldum höfuðból verslunar og menningar. Skip sigldu þangað beint frá útlöndum með varning og fluttu út afurðir landans. Þar var klaustur lengi og þar var hin fræga Flateyjarbók skrifuð. Í eyinni var fram á 20. öld öflugt atvinnulíf og töluverð byggð.

Flest hús í Flatey hafa verið gerð upp í upprunalegri mynd og haldið vel við, svo auðvelt er að ímynda sér hvernig umhorfs hefur verið í eyinni á ýmsum tímum. Læknishúsið,

hótelið, verslunarhús, Pakkhúsið, Bókhlaðan og kirkjan eru allt áhugaverðar byggingar. Fuglalíf er fjölbreytt og þeir eru svo spakir að nær þessum kviku dýrum er sjaldgæft að komast.

Úr Flatey var svo haldið með tvíbytnunni Særúnu til skelfiskveiða og aflinn étinn á staðnum beint úr skelinni, sem forréttur að dýrindis máltíð sem borin var fram í bátnum. Þar var framreitt

hlaðborð sem smakkaðist afar vel og voru gerð góð skil, enda var hráefnið að mestu úr Breiðafirðinum.

Ferðinni lauk svo kl. 19 á Brjánslæk, en þaðan héldu ferðafélagarnir hver til síns

heima, sælir og glaðir eftir vel heppnaða ferð“, segir Pétur Sigurðsson sem ritaði ferðasöguna. Meðfylgjandi myndir tók Þorsteinn J. Tómasson.

– thelma@bb.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS flugfelag.is

Skráðu þig í netklúbbinn

Fáðu bestu nettilboðin - ávallt ódýrast á netinu



Stúdíó íbúðir

Einholt 2 • 105 Reykjavík

Einholt GUESTHOUSE

Einholt Guesthouse er glænýtt gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur með 14 stúdíó íbúðum fyrir allt að 5 manns. Eldhús og baðherbergi í öllum íbúðum. Þráðlaust net.

www.stay.is • einholt@stay.is • 517 4050






Á annað hundrað manns á niðjamóti í Reykjanesi

Um 150 manns voru á ættarmóti í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi um helgina. Þar voru saman komnir afkomendur Hjalta Einarssonar bónda á Markeyri og konu hans Sigurborgar Þórðardóttur. Hjalti Einarsson var fæddur á Hvítanesi í Ögursveit 26. desember 1873. Foreldrar hans voru hjónin Einar Hálfðánarson bóndi og hreppstjóri á Hvítanesi og kona hans Kristín Ólafsdóttir. Sigurborg Þórðardóttir var fædd í Hestfjarðarkoti í Hestfirði 3. október 1880.

Ættarmótið þótti vel heppnað og var heilmikið fjör. Til að mynda fóru um hundrað manns í Vigur. Þess má geta að í tengslum við niðjamótið var gefið út vandað niðjatal. Hafa má samband við Sigríði Jósefsdóttur í síma 822-3719 ef áhugi er fyrir hendi. Þorsteinn J. Tómasson kíkta á ættarmótið og tók meðfylgjandi myndir.

– thelma@bb.is



Tryggvi Sigtryggsson og Guðný Erla Guðnadóttir handsala samninginn fyrir hönd GÍ og Glitnis.

Glitnir styrkir Golfklúbb Ísafjarðar

Golfklúbbur Ísafjarðar og Glitnir undirrituðu á dögunum samstarfssamning til þriggja ára. Styrkurinn felst í því að Glitnir kemur til með að styrkja eitt golfmót á ári næstu tvö árin og mun mótið bera nafn Glitnis en í ár styrkir bankinn afmælistótt GÍ sem verður haldið 19. júlí. Að sögn Tryggva Sigtryggssonar, formanns GÍ, hafa Glitnir og GÍ átt gott samstarf síðastliðin ár. Hinn nýi samningur er hins vegar aukinn styrkur sem er klúbbnum afar mikilvægur.



Glimumenn Harðar stóðu í ströngu á þjóðhátíðardaginn en þeir sýndu listir sínar á Hrafnseyri, Ísafirði og Bolungarvík.

Fjórir Harðarmenn í landsliði Íslands

Fjórir meðlimir í glímusveit Harðar eru í landsliðshóp Íslands í glímu. Hópurinn, sem hefur á að skipa 24 glímumönnum og konum, mun keppa á fyrsta heimsmeistarumóti IGA í íslensku glímu sem fram fer í Danmörku í sumar dagana 9.-12. ágúst. Landsliðsmenn Harðar eru Steinar Bjarki Marínósson í <73 kg flokki, Auðunn Elvarsson í <81 kg flokki, Arnar Halldórsson í <90 kg flokki

og Brynjólfur Örn Rúnarsson í <100 kg flokki.

Glimukappar Harðar munu etja kappi við glímumenn frá 12 löndum og þremur heimsálfum en þeim gæti fjölgið enn á næstu vikum. Að sögn Hermanns Nielssonar, hjálfaara Harðar, mun stór hópur frá félaginu fylgja glímumönnum en búist er við því að 30 manns, glímumenn, hjálfaara og fjölskyldur, fari til Danmerkur að vestan.

Peter Weiss til Grænlands

Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, var í fylgdarliði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra sem hélt á föstudag í opinbera heimsókn til Grænlands. Peter mun meðal annars funda með grænenskum háskólayfirvöldum, en heimsóknin veitir kærkomið tækifæri til að efla samskipti Háskólaseturs Vestfjarða við Háskólann á Grænlandi. Í tilkynningu frá Háskólasetri Vestfjarða segir að aukið samstarf þessara norðlægu háskólastofnanna bjóði upp á fjölda áhugaverðra kosta. Meðal annars með tilliti til meistaranámsins í haf- og strandsvæðastjórnun sem hefst við Háskólasetrið næsta haust, en grænenskum námsmönnum verður sérstaklega boðin námsdvöl skólaárið 2009-2010.

Ritstjórnargrein

„Taktu hár úr hala mínum“

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um stofnun tveggja nýrra lána-flokka hjá Íbúðalánasjóði féll í misgóðan jarðveg. Jákvaðu viðbrögðin þó ívið fleiri. Vart fer á milli mála að afstaðan mótast verulega afhagsmunum. Þannig fagna fasteignasalar hækkun útlána, telja að það hleypi á ný lífi í fasteignamarkaðinn, sem að sögn var farinn að nálgast frostmarkið. Vildu þó enn meiri hækkun. Forseti ASÍ fagnar tillögunum en leggur um leið „áherslu á mikilvægi þess að með þeim verði geta Íbúðalánasjóds til að sinna hlutverki sínu ekki rýrð.“ Bankamenn eru síður en svo á eitt sáttir. Að ekki sé talað um alla sjálfskipuðu sérfræðingana með hinar og þessar gráður á bakinu.

Á gullaldartíma bankanna, meðan ódýru, erlendu fjármagni var gengdarlaust dælt inn í landið og því síðan ausið í steinsteypu í þéttbýlinu við Faxaflóa, fór ekki leynt að tilvist Íbúðalánasjóds var þyrnir í augum margra. Sumir hverjir vildu hann reyndar feigan. Þótt alvara málsins sé mikil þykir ýmsum skondið að nú skuli gripið til þess ráðs, eins og í ævintýrinu forðum, að taka hár úr hala ríkiskýrinnar (Íbúðalánasjóds) til varnar lausafjár-vanda fjármálafyrirtækja, sem áður vildu slátra kúnni.

Vonandi leysa aðgerðir ríkisstjórarinnar einhvern vanda. Vel má vera að einhver hreyfing komist á fasteignamarkaðinn. Vel má vera að tveggja milljón króna hækkun á hámarksláni til íbúðakaupa veiti einhverjum áræði til að undirrita kaupsamning. Vel má vera að byggingariðnaðurinn hressist um stund. Og vel má líka vera að leigumarkaðurinn á Reykjavíkursvæðinu taki við sér ef stór hluti þeirra þúsunda nýbyggðra íbúða sem nú standa auðar og óseldar verða settar á leigumarkað með tilheyrandi fyrirgreiðslu Íbúðalánasjóds.

Vera kann að svörin við þessum vangaveltum felist í útreikningum sérfræðinganna sem settu fingraför sín á plön stjórnvalda. Eigi að síður vakna spurningar hjá almenningi, sem fram til þessa hefur þótt lítið örla á herkænsku sömu aðila í baráttunni við versta óvininn, verðbólguna. Er líklegt að fyrirhuguð fjármögnun Íbúðalánasjóds á nýrri útlánabylgju bankanna, til nýbygginga á Reykjavíkursvæðinu, leysi vandann sem offramboðið á markaðnum hefur þegar skapað? Trúa menn nú að hækkun lána ein og sér sé patentíð? Fram til þessa hafa menn verið nokkuð á eitt sáttir um að hækkunin í kjölfar kosninganna fyrir fimm árum sé stór hluti þess vanda sem við er að glíma. Er líklegt að unnt sé að leigja íbúðir, sem staðið hafa óseldar og hlaðið á sig vöxtum og kostnaði mánuðum saman, á verði sem viðráðanlegt er því fólki, sem öðru fremur var reynt að koma til móts við í síðustu samningum? Eða, hverjum eru leiguíbúðirnar ætlaðar? Á ef til vill að greiða áfallna kostnaðinn með öðrum hætti en með leigu? Ef svo er, hver borgar brúsann?

Það gafst vel í ævintýrinu góða að taka hár úr hala kýrinnar. Hafi menn ennþá trú á slíkum úrræðum, hvernig væri þá að gripa til þeirra á fleiri sviðum?

s.h.

Á þessum degi fyrir 18 árum

Frelsi og lýðræði hafa leitt þjóðir okkar saman

Elisabet Bretadrottning og eiginmaður hennar Filippus prins, hertogi af Edinborg, komu í þriggja daga heimsókn til Íslands í gæt. Að loknum hádegisverði með forseta Íslands í Ráðherra-bústaðnum heimsóttu gestirnir listasafnið og Árnastofnun, hittu blaðamenn og sendimenn erlendra ríkja. Loks sátu drottningin og maður hennar kvöldverðarboð frá Vigdísar Finnbogadóttur á Hótel Sögu. Elisabet drottning ræddi margvísleg tengsl þjóðar sinnar og Íslendinga í ræðu sem hún flutti í veislunni. Hún sagði þjóðirnar tveir deila lýðræðishefðum sem gerðu það kleift að aðlagast breyttum tímum og öðlast trú á framtíðina. Grundvallaratriðin tvö, frelsi og lýðræði, hefðu skotið rötum á Alþingi Íslendinga og skömmu síðar á Bretlandseyjum. [...] Um tvö þúsund manns fögnuðu Elísabetu II og Filippusi prins í meðan þau gengu eftir Fríkirkjuvegi frá Listasafni Íslands að Lækjargötu. Var fólki farið að safnast saman meðfram Fríkirkjuvegi klukkutíma áður en gangan var.

Samþykkja lántöku

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mælir með að bæjarstjórn samþykki að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 140 milljónir króna til 25 ára. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs en lánið er tekið til að fjármagna framkvæmdir ársins og þá aðallega framkvæmdir vegna nýbyggingar við Grunnskólann á Ísafirði. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins en lánið er tekið í samræmi við fjárhagsáætlun.

Pálmi Gestsson ráðinn hafnarvörður í Bolungarvík

Pálmi Gestsson, leikari í Þjóðleikhúsinu og í Spaugstofunni, hefur ráðið sig í hafnarvörslu í Bolungarvík í sumar. Aðspurður viðurkenndi hann fúslega að vera orðinn, eða um það bil að verða, hafnarvörður í bænum. „Þeir vildu að ég byrjaði strax, en ég byrja líklega bara á mánudaginn“, sagði Pálmi þegar hann var staddur í húsi sínu í Bolung-

arvík. Eins og alþjóð veit er Pálmi Víkari í húð og hár þó hann hafi búið sunnan heiða meirihluta ævi sinnar. „Þetta er ágætis afsökun fyrir því að dvelja hérna langdvölum. Mér líður vel hérna á Hjara, óðalinu mínu í Bolungarvík.“

Pálmi segist litla reynslu hafa af hafnarvörslu þó hann hafi verið á sjó og þ.a.l. umgengis höfnina í Bolungarvík



talsvert. „Bróðir minn er yfirhafnarvörður og hann kemst ekkert í fri, þannig að ég verð að sjá aumur á honum. Ég veit ekki alveg hvað ég verð lengi, en held ég þurfi að dekkja tvö sumarfrí. Við verðum að sjá hvernig þetta fer og hvort ég geti ekki lært að vigta, ég vona að ég hafi einhverja hæfileika í það.“

– halfdan@bb.is



Snurvoðaveiðar við Holt

Ekki er algengt að sjá báta að snurvoðaveiðum í Holti í Önundarfirði, þó árlega megi búast við slíkri sjón. Páll Önundarson, áhugaljósmyndari á Flateyri, náði þessari skemmtilegu mynd af bátnum Agli ÍS þegar hann var að veiðum innarlega í Önundarfirði á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Egill ÍS er skráður með heimahöfn á Þingeyri en leggur upp á markað í Bolungarvík.

Taka 140 milljóna króna lán

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 140 m.kr. til 26 ára. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins. Er lánið tekið til að fjármagna

framkvæmdir samkvæmt fjárhagsáætlun 2008 við grunn-skóla, höfn og umhverfis-, menningar- og atvinnumál. Þetta var samþykkt með öllum atkvæðum á síðasta bæjarstjórnarfundum fyrir sumarfrí.

Jafnframt var Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ísafjarðarbæjar að undirrita lánsamning eða skulda-bréf við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem

og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.

– thelma@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is · Hálfán Bjarki Hálfánsson, símar 456 4694 og 863 7655, halfdan@bb.is · **Jón Gunnarsson**, símar 456 4560 og 848 4847, nonni@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is.
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Smábátabryggjan á Ísafirði komin á flot

Smábátabryggjan er komin á flot við Edinborgarhúsið og að sögn Guðmundar Kristjánssonar hafnarstjóra kemur bryggjan vel undan vetri. Unnið er hörðum höndum við að festa hana svo hún komist í notkun sem allra fyrst. „Við erum að vinna í þessu núna og hún ætti að vera tilbúin til notkunar fyrir smábátaeigendur í þessari viku.“ Smábátaeigendur ættu því fljótlega að geta tekið gleði sína á ný en eins og áður hefur komið fram á bb.is hafa þeir haft áhyggjur af plássleysi við Ísafjarðarhöfn.



Hafna gagntilboði vegna skeiðvallar

Hestamannafélagið Hending hefur gert Ísafjarðarbæ gagntilboð við tilboð sveitarfélagsins vegna taps sem hestamennirnir verða fyrir þar sem skeiðvöllur á Búðartúni í Hnífsdal þarf að víkja fyrir jarðgangagerð. Tilboðið felur í sér að 24,7 milljónir króna verði hlutur Hendingar í nýjum rammisamningi milli hestamannafélagsins og Ísafjarðarbæjar.

Samningurinn verði gerður til tíu ára og hlutur Hendingar

verði 20% af framkvæmdakostnaði í Engidal þar sem hestamennirnir hafa flutt aðstöðu sína. Samningurinn verði bundinn byggingarvísitölu 1. júní 2008 og verði greiddur með tíu jöfnum greiðslum. Í fyrsta sinn í júlí 2008 og eftirleidis 1. maí ár hvert. „Hestamannafélagið Hending afhendir svæði hestamanna á Búðartúni við undirritun þessa samnings án eftirmála“, segir í tilboðinu.

Bæjarráð hefur hafnað gagn-

tilboði félagsins og telur að ekki sé rétt að blanda saman bótum fyrir skeiðvöll í Hnífsdal og uppbyggingarsamningi, umfram það sem kom fram í fyrra tilboði bæjarins. Bæjarráð ítrekar fyrra tilboð og óskar eftir svari fyrir 30. júní. Fyrra tilboðið hljómaði svo að Ísafjarðarbær myndi bæta skeiðvöllinn í Hnífsdal með því að byggja nýjan skeiðvöll í Engidal eftir nánara samkomulagi um framkvæmdatíma og afhendingu.

Vinnuskólakrakkar í fornleifauppgreftri

Súðvískir vinnuskólakrakkar fá í næsta mánuði að kynna fornleifauppgreftri þegar þeir fara í Vatnsfjörð í Ísafjarðardjúpi og aðstoða fornleifafræðinga við sín störf. „Við komum til með að hjálpa til við að hreinsa svæðið, sjá um frágang og aðstoða við að setja niður stikur“, segir Jóhanna Rúnarsdóttir, vinnuskólustjóri.

„Ég held að þetta verði mjög gaman fyrir krakkana.



Súðavík.

Þarna fá þau að breyta til. Þetta á eftir að brjóta upp vinnuna. Svo fá þau að kynna sögunni. Þau koma aftur seinna í mánuðinum og þá verða forn-

leifafræðingarnir með fræðslu fyrir þau, sýna hvað er verið að gera og hvers konar gripi er verið að finna. Svo verður boðið upp á pylsur og sundferð. Þetta verður skemmtun, fræðsla og vinna.“

Ekki er alveg ljóst hvenær vinnuferðin verður, en fyrri ferð verður einhvern tímann í byrjun næsta mánaðar. Fimmtán krakkar eru í Vinnuskóla Súðavíkur og fara þeir væntanlega allir inn í Djúp. – *halfdan@bb.is*



Helga Margrét Marzélusardóttir, yfirflokkstjóri vinnuskólans, og Margrét Halldórsdóttir, íþrótt- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar, afhenda krökkunum bækurnar.

Fengu bók um Jón Sigurðsson að gjöf

Allir krakkar í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar hafa fengið bók um Jón Sigurðsson að gjöf frá Vestfirska Forlaginu. Bókin inniheldur stutt ágrip

af sögu forsetans og baráttu hans fyrir sjálfstæði Íslandinga. Að sögn Hallgríms Sveinssonar hjá Vestfirska forlaginu er gjöfin leið til þess

að þakka krökkunum fyrir vel unnin störf við að halda bæjarfélaginu hreinu og finu.

„Einnig langaði mig að laða ungdominn að Jóni Sigurðs-

Sjávarútvegsráðgjafi hafa

Sjávarútvegsráðgjafi hafa gólf höfð um síðustu helgi með tveimur mótum á Patreksfirði og á Bildudal. Mótin tvö voru styrkt af Odda hf. á Patreksfirði og Þórsbergi ehf. á Bildudal. Næstu tvö mót verða haldin á Syðridalsvelli í Bolungarvík 28. júní og 5. júlí í boði Bakkavíkur ehf. og fiskvinnslunnar Jakob Valgeir ehf. Síðustu helgina í júlí

verður svo keppt annars vegar á Tungudalsvelli á vegum fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. og hins vegar á Meðalsvelli í Dýrafirði á vegum Klofnings ehf. Síðasta mót raðarinnar verður svo dagana 16. og 17. ágúst á Tungudalsvelli á vegum Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf.

Keppt verður í flokki karla og kvenna, unglinga og öldunga með og án forgjafar.

Vegleg verðlaun eru í boði í hverjum flokki, samtals að verðmæti liðlega 700 þúsund kr. Sigurvegari hvers flokks fær golfferðavinning að verðmæti 60 þ.kr..

Í önnur verðlaun er flugferð innanlands fyrir 20 þ.kr. og sá sem lendir í þriðja sæti í hverjum flokki fær 10 þ.kr. vöruúttekt.

– *halfdan@bb.is*



Haldið var upp á tilefnið með því að slá upp grillveislu.

syni og sögu hans. Nú þegar senn líður að 200 ára fæðingarársmæli Jóns er ekki úr vegi að kynna krakka fyrir sögunni.“ Hallgrímur segir að bókin hafi verið gefin út í fyrra og hafi útgáfan heppnast vel.

Ástæðuna fyrir útgáfu hennar sé kannski hægt að útskýra með hluta úr innganginum: „Látum það ekki henda okkur, að þeir sem eiga að erfða landið viti ekki hvers vegna 17. júní var valinn þjóðhátíðardagur

Íslendinga!“

Krakkarnir voru að sjálf-sögðu hæstánægðir með gjöfina. Í tilefni hennar og góða veðursins var slegið upp grillveislu.

– *nonni@bb.is*

Hermann Vernharð nýr stöðvarstjóri Funa

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að Hermann Vernharð Jósefsson verði ráðinn í starf stöðvarstjóra sorpbrennslunnar Funa. Á bæjarstjórnarfundinum var einnig samþykkt að skipa starfshóp til að markaða nýja stefnu Ísafjarðarbæjar í sorpmálum í samræmi við stefnuráðgjafi með fjárhagsáætlun 2008 og bókun umhverfisnefnd. Skal starfshópurinn horfa 10-15 ár fram í tímann í sinni stefnumótun og taka tillit til nýrra aðferða við sorphirðu og sorpförgun, þar sem sjálfbær þróun og hagkvæmni er höfð að leiðar-



Starfshópur verður skipaður til að markaða nýja stefnu í sorpmálum í Ísafjarðarbæ. Myndin er af Funa.

ljósi. Í starfshópnum eigi sæti bæjarfulltrúi, sem jafnframt er formaður, fulltrúi úr umhverfisnefnd og fulltrúi úr staðardagskrárnefnd. Forstöðumaður Funa og umhverf-

isfulltrúi skulu vinna með starfshópnum. Bæjarráði er falið að setja starfshópnum erindisbréf og skipa fulltrúa í hópinn. Skal starfshópurinn skila niðurstöðu eigi síðar en 1. desember 2008.



Magnús Hauksson, vertinn í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað.

Sumarið lofar góðu í Tjörúhúsinu

Litli veitingastaðurinn í Tjörúhúsinu á Ísafirði hefur svo sannarlega vakið athygli á undanförunum árum, bæði innan bæjar sem utan. Hróður staðarins hefur borist víða og hafa margir erlendir ferðamenn nefnt staðinn sem einn af eftirminnilegustu áfangastöðum Íslandsferðar sinnar.

Þau Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir hafa rekið staðinn undanfarin sumur og notið við það aðstoðar ýmissa ættingja og vina. Staðurinn er nokkuð sérstakur fyrir nokkurra hluta sakir. Fyrir það fyrsta er hann staðsettur nokkurn veginn í miðju Byggðasafni Vestfjarða, í elstu húsabyrpingu landsins í Neðstakaupstað á Ísafirði. Þá er yfirleitt eingöngu boðið upp á sjávarfang á staðnum og oftar en ekki er matseðill dagsins ekki ákveðinn fyrr en ljóst er hvað veiðst hefur nóttina áður.

Þessi einkenni og önnur hafa veitt staðnum algjöra sérstöðu á svæðinu og í raun á landinu öllu. Sumir ferðamenn koma aftur og aftur, sumar eftir sumar, til þess að fá sér kola eða steinbít hjá Magga og Rönku, eftir að hafa fengið plockfisk og þrumara í forrétt að sjálfsögu.

Flestir hafa meiri tíma en Magnús Hauksson til að masa í síma við blaðamenn, en með

lagni tókst þó að fá hann til að spjalla lauslega um rekstur staðarins fram að þessu og horfur sumarsins.

Stórmót draga úr önnum

– Er vertiðin byrjuð af fullum krafti hjá þér?

„Já hún er það eiginlega. Það var margt í hádegismat hjá mér núna, enda er veðrið gott. Sumarið hefur eiginlega opnast mikið með bæjarbúum sem hafa verið að koma, það eru alltaf nokkrir kolasjúklingar hérna í bænum sem koma strax þegar ég opna. Svo er farið að bera svolítið á útlendingum. Það hefur verið nokkuð mikið að gera í hádeginu alltaf, en kvöldin hafa verið frekar róleg og ég býst fastlega við því að þau verði það þangað til Evrópumeistaramótið í knattspyrnu er búið.“

– Þú eins og aðrir í bransanum tekur eftir því þegar stórmót stendur yfir í fótbolta?

„Það er alltaf þannig. Þetta var líka svona þegar heimsmeistaramótið var fyrir tveimur árum. Það eru alltaf margir heimilisfeður sem geta ekki hugsað sér að fara nokkuð í sumarfrí fyrr en mótið er búið.“

– En er það ekki bara ágætt fyrir ykkur, þá getið þið hvílt

ykkur svolítið á milli anna?

„Jú, það er bara ágætt. Þá getur maður líka nostrað aðeins meira við þá sem koma.“

Bylting með nýrri upphvottavél

– Er ekki yfirleitt mest að gera hjá ykkur í júlí?

„Í fyrra var það alla vega þannig að það var mest að gera frá annarri viku júlí og fram yfir verslunarmannahelgi. Þá var þetta þannig að það var á grensunni að maður gæti ráðið við það. Núna er eldhúsið orðið miklu betra, það var tekið algjörlega í gegn í vetur. Það er kominn ný upphvottavél, eldhúsið orðið stærra, alls konar nýir vaskar út um allt og þetta er að slípast allt mjög vel hjá okkur. Sérstaklega munar miklu að hafa svona fína og góða upphvottavél. Núna tekur okkur 10 mínútur að gera það sem tók okkur hálf tíma í fyrra.“

Ég held að ef að veðrið verður gott í sumar á þetta eftir að ganga nokkuð vel hjá okkur.“

– Veðrið skiptir ykkur náttúrulega frekar miklu máli þar sem hluti af þínu sætaþlassi er í raun utanhúss.

„Það er í raun bara mismunandi. Við rúttum borðum og stólum inn og út eftir hentugleika.“

Hrefnukjöt í sumar

Eins og áður segir er það eitt sérkenni staðarins að matseðillinn er ekki klár fyrr en ljóst er hvaða hráefni er fæanlegt hverju sinni, en Magnús leggur mikla áherslu á ferskan fisk.

„Það lítur vel út með það í sumar. Svo verðum við með hrefnukjöt í sumar líka, það er kannski helsta nýjungin. Við vorum ekki með það í fyrra, en buðum upp á það í hitteðfyrri og árið þar áður.“

Þar fyrir utan eru algengustu tegundirnar sem boðið er upp á steinbítur, hlýri, koli og svo höfum við verið með skötusel. Svo hefur dottið inn lúða og sólkoli líka.“

– Og þetta hefur slegið í gegn hjá bæði heimamönnum og aðkomumönnum?

„Þessi eldamennska hjá okkur virðist ganga vel ofan í fólk og enginn hefur kvartað yfir henni.“

– Verðurðu bara einn í eldhúsinu í sumar?

„Ég verð einn lengst af en fer síðan í frí einhvern tímann í sumar og þá kemur hann Óli kokkur sem hefur verið með mér áður og leysir mig af.“

Viðbrögð bæjarbúa ánægjuleg

– Umferðin hefur aukist hjá

þér síðustu árin.

„Jú, hún hefur gert það og í fyrra má segja að það hafi verið algjör sprenging.“

– Var ekki upphaflega áætlað að þetta yrði bara eitthvað dútl hjá ykkur Rönku, lítið annað en áhugamál?

„Jú, þetta átti að vera upprifjun frá þeim dögum þegar við vorum með Sjómannastofuna. En síðan þá hefur þetta vafið utan á sig.“

Og ég held ég megi segja að sumarið lofi góðu. Yfirleitt erum við ekki búin að opna á þessum tíma. Síðustu tvö sumur höfum við ekkert opnað fyrr en í júnílok, en núna byrjuðum við að opna fyrir hópa í maí, og venjuleg opnun hefur verið í allan júní.

Mér finnst sérstaklega ánægjulegt hvað bæjarbúar hafa tekið okkur vel og hafa verið duglegir að sækja staðinn.“

Saltfiskur á laugardögum

– Fyrir utan venjulega opnun hefurðu verið með eitthvað af veislum og þemakvöldum og einhverju slíku yfir sumar-tímann.

„Í sumar er planið að vera með hlaðborð af saltfiski og ferskum fiski öll laugardagskvöld. Þá verður boðið upp á einhverjar uppákomur. Þetta ætlum við að hafa frá og með

fyrstu helginni í júlí.“

– Í fyrra voruð þið líka með þemakvöld, fenguð til að mynda sænska gestakokka til að vera með veislu.

„Það gæti orðið eitthvað í þeim dúr, einhverjir gestakokkar. Við erum að spá í því en erum ekki búin að fastnegla neitt ennþá. Það verður þá bara auglýst sérstaklega hverju sinni, en við erum að reyna að koma því í kring.“

Safnið hefur aðdráttarafl

– Nú ert þú í einu fallegasta umhverfi allra veitingamanna. Hefur það ekki svolítið að segja?

„Umhverfið er vissulega mjög skemmtilegt og safnið hefur ákveðið aðdráttarafl. Svo er það alltaf að aukast að fólk af skemmtiferðaskipunum fái sér að borða hjá mér. Menn eru þá kannski orðnir leiðir á matnum um borð sem getur orðið svolítið einsleitur. Þeir koma þá og fá ferskan fisk hjá mér. Ég hef ekkert verið að auglýsa það, en af þessu eina skipi sem hefur komið í sumar komu nokkrir í mat hjá mér. Þeir voru bara ánægðir.“

– Hefur einhver nokkurn tímann verið annað en ánægður með matinn. Hefur einhver kvartað svo þú munir eftir?

Enginn ísbjörn sást í friðlandinu

Þýrla Landhelgisgæslu Íslands, TF-GNA, fór í eftirlitsflug um friðland Hornstranda í síðustu viku og svipuðust gæslumenn vandlega um eftir ísbjörnum. Með í för var Jón Björnsson landvörður Hornstrandafríðlands. Flogið var um allt friðlandið og rúmlega það, frá Aðalvík í vestri að Ófeigsfirði á norðanverðum Ströndum, um það bil þar sem þjóðvegurinn endar. Ekki sáust nein ummerki um ísbjörn

á svæðinu. Flugstjóri var Walter Ehrat, flugmaður var Bolvíkingurinn Jens Þór Sigurðsson, Henning Þór Aðalmondsson var stýrimaður og sigmaður, Óskar Óskarsson var flugvirki og spilmaður og Hlynur Þorsteinsson læknir var með í för.

Eins og greint var frá í síðasta blaði mátti teljast ósennilegt að ísbirnir myndu sjást á

svæðinu. Þó var einnig talið ósennilegt að tveir hvítabirnir myndu ganga á land á Norðurlandi með nokkurra daga millibili í mánuðinum ef út í það er farið. Upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar sagði í samtali við blaðið að þó enginn ísbjörn myndi sjást í eftirlitsfluginu væri það engin trygging fyrir því að svæðið væri ísbjarnalaust. Hvítabjörn

sást og var veginn í Fljótavík í Hornstrandafríðlandi árið 1974, ári fyrir friðlýsingu svæðisins. Töluvert er um að ferðafólk á leið til Hornstranda hafi áhyggjur af ísbjarnakomum í ljósi heimsókna tveggja hvítabjarna til landsins. „Það er töluvert hringt og fólk er með áhyggjur og getgátur og dæmi eru um að fólk hafi breytt ferðaáætlanum sínum. Ég tel

enga ástæðu fyrir fólk að óttast. Flogið var yfir svæðið og allt var skimað til að ganga úr skugga um að allt væri með felldu“, segir Jón Björnsson, landvörður Hornstrandafríðlands. „Mér finnst það mjög ósennilegt að hætta sé á að ísbjörn komi til Hornstranda og fólk væri búíð að verða vart við björn ef hann væri á svæðinu.

En ef fólk hefur áhyggjur ráðlegg ég því að ferðast í stórum hópum. Við munum að sjálf-söggðu halda áfram að hafa augun opin“, segir Jón. Þá segir Jón svæðið koma vel undan vetri en búist er við að ferðamannastraumurinn hefjist í þessari viku. „Svæðið er búíð að vera mjög blautt og óðum að þorna og snjór í skörðum að minnka.“



Sigríður Ragnarsdóttir.

Sigríður fékk fálkaorðu

Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans á Ísafirði, var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á þjóðhátíðardaginn. Sigríður fékk riddarakross fyrir störf sín að tónlistarmenntun. Alls voru ellefu sæmdir fálkaorðu, þeirra á meðal Ólafur Gaukur Þórhallsson tónlistarmaður. Þess má geta að á sama tíma fyrir ári fékk Áslaug Alfreðsdóttir, hótelistjóri á Ísafirði, fálkaorðu fyrir störf sín í þágu ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Aðspurð um afhendinguna segir Sigríður að hún hafi verið hugguleg og látlaus. „Þetta er mikil viðurkenning, ekki bara fyrir mig heldur líka fyrir aðra sem hafa verið að vinna að tónlistarlífi hér í bænum. Það má segja að þetta sé viðurkenning fyrir tónlistarbæinn Ísafjörð, og það eru margir sem koma að honum“, segir Sigríður.

– halfdan@bb.is

„Ég man eftir því í fyrrasumar að þá kvartaði fólk stundum, eðlilega að mér fannst, undan löngum biðtíma. Við reynum að úrskýra fyrir fólki að eldhúsið afkasti bara ákveðið miklu og í fyrrasumar gat vel verið hálf tíma bið og jafnvel lengri eftir matnum. Það er bagalegt, sérstaklega í hádeginu þegar fólk er oft tímabundið. En þetta verður vonandi miklu betra með nýju eldhúsi.“



Farið var í könnunarflug um friðlandið í síðustu viku. Mynd: Henning Þór Aðalmondsson.



Brúarsmíðin í Mjóafirði er hafin. Ljósmynd: Grétar Sigurðsson.

Brúarsmíðin hafin í Mjóafirði

Brúarsmíðin í Mjóafirði í Ísafjardardjúpi er hafin. „Við erum byrjaðir að setja upp. Það er búíð að steypa sökkla vestanmegin og setja tvö rör í brúna þar og suðu-

menn komu á laugardag og suðu rörin áfram yfir“, segir Gísli Guðnason, verkstjóri verktakafyrirtækisins KNH sem ásamt Vestfirskum verk-tökum sér um veglagningu og

þverun Mjóafjarðar. „Sökk-larnir hinu megin verða steyp-tir í þessari viku. Byggingar-kranar eru komnir upp og brú-in fer að taka á sig mynd.“

Vegagerð gengur vel í

Djúpinu. „Það er verið að keyra út efra burðarlagið í Ísafirði og þar verður byrjað að klæða á morgun. Það verða lagðir á sex kílómetrar um helgina, þannig að þetta er

allt að gerast. Þá er Vatns-fjarðarháls tilbúinn fyrir ut-an frágang og slitlag“, sagði Gísli Guðnason, verkstjóri hjá KNH á Ísafirði.

– halfdan@bb.is

Verðmætið dróst lítillega saman

Verðmæti afla sem verkaður var á Vestfjörðum var ögn minna á síðasta ári en á árinu 2006 samkvæmt uppfærðum tölum úr vigrar- og ráðstöfunarskýrslum Hagstofu Íslands. Árið 2006 var verkað líðlega 41 þúsund tonn að verðmæti tæplega 4,3 milljarðar króna. Í fyrra voru verkuð tæp 36 þúsund tonn og nam aflaverðmætið tæplega 4,2 milljörðum. Samdrátturinn í afla nemur um 13% en einungis 2,5% í aflaverðmæti.

Góð þátttaka á reiðnámskeiðum

Fyrra reiðnámskeiði sumarsins hjá Hestamannafélaginu Stormi lauk fyrir stuttu, en það er ætlað börnum og óvönum. Kennt var í reiðhöllinni á Söndum í Dýrafirði. Fullt var á námskeiðinu en alls voru þátttakendur 25 og var kennt í fimm hópum. Mikil ánægja var með námskeiðið og að því er fram kemur í tilkynningu er hægt að fullyrða að þarna hafi hestamenn framtíðarinnar verið á ferð. Síðasta daginn fóru allir knaparnir í útreiðartúr um Sanda og fengu hressingu á áningarstað. Seinna reiðnámskeiðið hefst 10. júlí og því lýkur 15.júlí en aðeins örfá pláss eru laus á það. Því má með sanni segja að mikill áhugi sé á hestamennskunni og bjartir tímar framundan.

Það sem er gott fyrir Vesturbyggð er gott fyrir Ísafjarðarbæ

Útlit er fyrir, ef olíuhreinsistöð ris á Vestfjörðum, verði það í Vesturbyggð. Þá er þörf á því að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið, með þeim fyrirvara að ef hagsmunum þjóðarinnar er ekki borgið verði ekkert af aðild Íslands að bandalaginu. Þetta er meðal þess sem kom fram í hátíðaræðu Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, á 17. júní hátíðarhöldum á Ísafirði. Í ræðu sinni sagði Halldór m.a.:

„Þegar saga hins forna Ísafjarðarkaupstaðar er skoðuð og reyndar fleiri byggðarlaga innan Ísafjarðarbæjar, t.d. Þingeyrar og Flateyrar kemur í ljós að þegar samskiptin til útlanda voru hvað mest og beinust, þá vegnaði þessum bæjum hvað best og uppbyggingin var mikil. Þetta á reyndar við um íslenska þjóð því búsetan og lífsgæðin byggjast á miklum viðskiptum við erlendar þjóðir. Að því sögðu er eðlilegt að við sem þjóð skoðum betur hvaða tækifæri felast í því að tengjast enn betri viðskiptasamböndum til Evrópu sem er okkar stærsta viðskiptasvæði. Þar með er ég ekki að segja að niðurstaða okkar verði sú að ganga í hið alræmda ESB. Hins vegar tel ég að vangaveltur um hversu gott eða slæmt sé fyrir okkur að vera í því viðskiptabanda-

lagi sé ekki nóg og við þurfum að fara í aðildarviðræður sem alltaf eru með þeim fyrirvara að ef við teljum okkar hagsmunum ekki borgið þá göngum við ekki í þetta viðskiptabandalag. Að mínu mati á það að vera íslenska þjóðin sem ákveður slíkt að lokum.“

„Fyrir rúmu ári síðan voru lagðar á borð Vestfirðinga hugmyndir um risavaxið verkefni hér vestra. Hvorki meira né minna en heil olíuhreinsunarstöð sem skapa á 500 manns atvinnu fyrir utan afleidd störf sem eru mun fleiri. Það er eðlilegt að íbúar hafi misjafnar skoðanir á þessu, það sama á við um kjörna fulltrúa hvort sem þeir eru í sveitarstjórnnum eða á Alþingi. Niðurstaða þess sem hér stendur var sú að við Vestfirðingar gætum ekki hafnað þessu þó þetta kæmi bæði óvænt og algjörlega á skjön við þá hugmyndafræði sem við höfðum talað um í allmörg ár að fara eftir. Ég veit að margir voru og eru mér sam-mála um þetta þrátt fyrir að hugmyndafræðin um stóriðjulausa Vestfirði láti vel í eyrum og geti áreiðanlega til langs tíma litið skilað okkur arði og nýjum störfum. Það er tímafaktorinn í þessu máli sem gerir það að verkum að við tökum undir risavaxnar hugmyndir eins og olíuhreinsun-



Halldór ræddi m.a. um ESB og olíuhreinsistöð.

arstöð. Ástæðan er auðvitað sú að við viljum uppbyggingu og framfarir en ekki fækkun íbúa eins og við höfum horft alltof lengi upp á.

Nú er útlit fyrir að ef olíuhreinsunarstöð verði reist að þá verði það í nágrennasveitarfélagi okkar Vesturbyggð.

Þar virðist vera algjör samstaða um verkefnið og vonandi að vel takist til. Það sem er gott fyrir Vesturbyggð er gott fyrir Ísafjarðarbæ. Þar spila samgöngur reyndar aðalhlutverkið og því mikilvægt að hefja á framkvæmdir við jarðgöng milli Dýrafjarðar og

Arnarfjarðar á næsta ári. Það er stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum að jarðgangatenging sé eina leiðin úr Arnarfirði og yfir að Breiðafirði. Þá þarf að hugsa fyrir sem bestum tengingum við byggðina í V-Barðastrandasýslu, sérstaklega til að reyna að

stækka atvinnusvæðið sem mest, ekki síst ef þar ris olíuhreinsunarstöð sem þarf gríðarlegan starfsmannafjölda og mikla þjónustu. Þetta er verkefni sem Alþingi og samgönguráðherra þurfa að leysa og taka ákvörðun um ekki síðar en í haust.“

■ STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Bjarnavernd eða barnavernd

Margt er skondið í henni veröld. Sú er að minnsta kosti raunin á Íslandi. Ísbjörn hefur gert mikinn usla að undanfögnu. Um daginn var einn drepinn af lögreglunni í Skagafirði. Allt ætlaði af göflunum að ganga. Einkum var svokallað náttúruverndarfólk mjög uppvægt yfir þessu drápi og taldi það hið skelfilegasta mál. Öðrum, sem létu minna fyrir sér fara fannst það eðlilegt, einkum að teknu tilliti til aðstæðna, að ísbjörninn skyldi hljóta þennan dauðdaga. En ekki vantaði yfirlýsingarnar um grimmdina.

Svo gerðist það að annar ísbjörn fannst við bæinn Hraun á Skaga. Þá var nú aldeilis gripið til viðeigandi ráða. Íbúarnir voru reknir inn og settir í herkví en ísbjörninn, sem reyndist kvenkyns, fékk að athafna sig í æðarvarpinu óáreiður. Vernd hans skipti meira máli en fólksins. Síðar kom í ljós að ísbirninn var illa sýkt af þráðormum, en það hefur ekki heyrst að setja hafi þurft æðarfuglinn í sóttkví. Reyndar er mjög athyglisvert að þingflokkur Vinstri grænna, sem barðist hart gegn innflutningi kjöts af ötta við sýkingarhættu, hafði sig nokkuð í frammi varðandi vernd ísbjarnarins og hafði gagnrýnt fyrra drápið af festu. Það þarf því að mati hans ekki heilbrigðisvottorð þegar kjöt flytur sig sjálf til landsins í lifanda líki, en slíkt dugir ekki þegar kjöti sem slátrað hefur verið við bestu aðstæður er flutt til Íslands.

Einhverjum kann að þykja þetta útrúningur, en hér er það sett fram til að vekja athygli á því að stundum ber góðsemin fólk ofurliði. Ekki vantaði

að auðmaður var tilbúinn að greiða stórfé fyrir björgun sinni ísbjarnarins, sem er í sjálfu sér þakkarvert en vekur upp spurningu um forgangsöröðun. Fluttur var til Íslands sérfræðingur frá hinum konunglega dýragarði í Kaupmannahöfn og búr kom til Akureyrar með beinu flugi fraktflugvélar frá Kaupmannahöfn. Ekki hefur komið fram í fjölmiðlum þegar þetta er skrifað hvort búið hafi verið sótthreinsað í samræmi við strangar reglur þar um. Athygli vakti að umhverfisráðherra flaug í skyndingu heim úr frii í útlöndum og lét ekki duga að sá ágæti viðskiptaráðherra og flokksbróðir hennar annaðist málið.

Hún fékk af sér mynd í blöðum fyrir vikið enda ekki á hverjum degi sem slíkur stórviðburður verður á þjóðhátíðardaginn. Vestfirðingar hafa lengi vitað að ísbirnir geta verið skaðræðisdýr og hafa þeir verið skotnir á Hornströndum þegar þeir hafa gerst nærgöngulir við menn. Dýravernd er góð og virðingarverð. En meðan barnavernd er á því stigi að stofna þarf sérstakar nefndir til að rannsaka mistök stjórnvalda á árum áður og enn er þau að koma upp af hálfu barnaverndaryfirvalda hérlandis hlýtur sú hugsun að vakna að forgangsöröðun sé ekki rétt meðan bjarnavernd er barnavernd brýnna verkefni. Hér þarf að staldra við og skoða af yfirvegun hverjar áherslur skuli vera og hvernig bregaðst skuli við brýnum verkefnum.

Þuríður Samúelsdóttir 105 ára

Vestfirðingurinn Þuríður Samúelsdóttir, elsti núlifandi Íslendingurinn, varð 105 ára 19. júní. Áður hafa 24 náð svo háum aldri, tuttugu konur og fjórir karlar en fimm úr þessum hópi áttu heima í Kanada. Þuríður er fædd í Miðdalsgröf í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu. Foreldrar hennar voru Samúel Guðmundsson og Magnús Friðriksdóttir. Þuríður átti tvö alsystkini og þrettán hálsystkini. Systir hennar varð 94 ára og föðursystir hennar 91 árs. Eiginmaður Þuríðar var Jónatan Halldór Benediktsson bóndi og kaupfélagsstjóri á Hólmavík, en hann lést árið 1983. Þau áttu fjögur börn. Þuríður býr enn heima, með dóttur sinni sem er 72 ára og syni sem er 84 ára.



Kraftliðar sigla inn í Sundahöfnina á Ísafirði.

Á gúmmíbátum í kringum landið

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra, kom til Ísafjarðar á kvennadaginn, 19. júní. Fararskjótinn var óhefðbundinn, en félagsmenn ferðast sjó saman á tveimur gúmmíbátum og ætla að koma við á 15 stöðum á leið sinni í kringum landið. „Þetta hefur gengið

ágætlega“, segir Alma Eðvaldsdóttir sem fylgir sægörpunum eftir á bil. „Það gekk mjög vel frá Tálknafirði til Ísafjarðar. Við höfum fengið ágætt veður, nema frá Reykjavík til Ólafsvíkur. Það var svolitill barningur en reddaðist alveg.“ Hópurinn hefur alls staðar fengið mjög góðar viðtökur, kannski þó sérstaklega á

Tálknafirði. „Þar fengum við alveg frábærar móttökur, svo góðar að við erum eiginlega ekki ennþá búin að átta okkur á því. Hreppsnefnd gerði hlé á fundi sínum og kom niður á bryggju til að taka á móti okkur. Síðan fengum við þrírætt aða máltíð á Hópinu í boði bæjarstjórnar, frítt í sund og kaffi hjá Eyrúnu oddvita“, seg-

ir Alma. „Við höfum fengið mjög góðar viðtökur allstaðar og erum eiginlega hissa á því hvað fólk er almennilegt og nennir að stjarna við okkur.“ Þeim sem vilja styrkja Kraft er bent á styrktarsími félagsins: 907 2700 (1.000 kr. samtalið) og reikningsnúmer: 327-26-112233, kt.: 571199-3009. – halfdan@bb.is

Skemmdarverk unnsin á flutningapramma

Óprúttir aðilar unnu nýlega skemmdarverk á flutningaprammanum Ásdísi. Að sögn Friðriks Jóhannssonar hjá Ferðapjónustunni Grunnavík, sem á prammann, hafði hann verið í höfn í Bolungarvík og á Ísafirði en um miðja síðustu viku áttuðu menn sig á því að vatnsdælur um borð virkuðu ekki sem skyldi. Þegar nánar var að gáð kom í ljós að snúrur sem tengja dælurnar við sólarrafhlöður prammans höfðu verið skornar og rifnar úr. Friðrik telur að ekki hafi

hver sem er getað verið hér að verki því einhverja rafvirkjakunnáttu þurfi til að gera svona lagað. Að sögn Friðriks er ekki komið á hreint hvað það muni kosta mikið að bæta skemmdirnar. „Peningarnir eru ekki það sem mestu máli skiptir. Þessar dælur eru öryggistæki sem sjá um að dæla sjó úr prammanum og koma í veg fyrir hann sökktvi þegar við erum með hann í eftirdragi. Ef pramminn byrjar að sökktva og hann er fastur við bátinn skapast auð-

vitað hætta“, segir Friðrik. Hann segir það mikla gæfu að það hafi rignt eitthvað síðustu daga því ef hann hefði ekki tekið eftir rigningarvatni í botni prammans í fyrradag hefði hann sennilega farið með hann út án þessa mikilvæga öryggistækis, sem er alsjálfvirk. „Það er auðvitað óþægilegt tilfinning að vita til þess að einhver geri svona lagað, það er lítið sem menn geta grætt á því. Eitt er á hreinu, ég þori ekki að geyma prammann í

höfnunum á Ísafirði eða Bolungarvík. Framvegis verður hann geymdur á legu út af Grunnavík.“ Eins og áður sagði voru skemmdarverkin framin einhvern tímann á tímabilinu frá laugardegi til þriðjudags, annað hvort í höfninni í Bolungarvík eða í höfninni á Ísafirði. Ef einhverjir hafa upplýsingar um verknaðinn eru þeir vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna á Vestfjörðum í síma 450-3730. – nonni@bb.is

Stelur fatnaði af snúrum

Snúrurþjófur leikur lausum hala á Ísafirði og hefur fatnaði verið stolið af þvottasnúrum víða um bæinn á síðustu dögum. Föt hafa horfið af snúrum í þvottahúsum fjölbýlishúsa, en snúrurnar hafa aldrei verið tæmdar heldur hefur verið tekin ein og ein flik inn á milli. Hjá lögreglunni fékkst það staðfest að slík mál hefðu nýverið komið inn á borð hennar, en lögreglumenn vildu að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 • Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Hafraholt 24, Ísafirði

Steinsteypt raðhús á tveimur hæðum með bílskúr, samtals 166 m², uppgert baðherbergi, fjögur svefnherbergi.

19.000.000,-

Aðalstræti 24, Ísafirði

Verslunar/skrifstofuhúsnæði í miðbæ Ísafjarðar. Um er að ræða jarðhæð sem er 135 m² og kjallara sem er um 90 m² að stærð.

Tilboð óskast

Bakkavegur 6, Hnífsdal

179,2 m² klætt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 23 m² bílskúr.

16.500.000,-

Sundstræti 36, Ísafirði

Þrjár nýjar þriggja herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi með lyftu ásamt staði í bílageymslu. Íbúðirnar eru 118,9 m² að stærð.

21.500.000,-

Skólavegur 3, Hnífsdal

128 m² einbýlishús úr timbri og steini með 25 m² sambygðum bílskúr, 3-4 herbergi, nýtt þak á húsinu.

12.700.000,-

Tangagata 22, Ísafirði

114,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum og með kjallara, sem byggt er úr timbri og endurbyggt fyrir rúmum 20 árum. Bílskúr er 37,4 m², byggður 1975.

19.900.000,-

Grundarstígur 12, Flateyri

Steinsteypt hús á tveimur hæðum. 62,5 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð og 81 m² 4ra herbergja á efri hæð. Nýleg klæðning, gluggar og þak.

9.800.000,-

Aðalgata 32, Suðureyri

120 m² steinsteypt einbýlishús ásamt 30 m² sambygðum bílskúr. Húsið er nýlega uppgert.

12.800.000,-

Lyngholt 2, Ísafirði

183 m² einbýlishús úr timbri með bílskúr, baðherbergi endurnýjað, fjögur svefnherbergi, nýr sólfallur.

20.600.000,-

Stekkjargata 31, Hnífsdal

90 m² forskalað einbýlishús úr timbri, nýtt þak að hluta. Einnig fylgir 18 m² hjallur.

Tilboð óskast

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Skemmdir voru unnar á flutningapramma Ferðapjónustu Grunnavíkur.

Blaðamaður

Blaðamaður/kona óskar til starfa á viku-blaðinu Bæjarins besta og fréttavefnum www.bb.is frá og með ágúst mánuði.

Viðkomandi þarf að hafa góða íslenskukunnáttu og þekkja vel til aðstæðna á útbreiðslusvæði blaðsins.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón í síma 456 4560.



Ingólfur Þorleifsson, formaður KFÍ, og Arnór Jónatansson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands, takast í hendur eftir undirskrift samningsins.

Undirrita samstarfssamning

Á þjóðhátíðardaginn var undirritaður samstarfssamningur milli KFÍ og Flugfélags Íslands. Samningurinn er til þriggja ára og felur hann í sér að KFÍ flýgur í allar keppnisferðir sínar með Flugfélagi Íslands á sérstökum kjörum. Gæfuríkt samstarf hefur verið á milli aðilana síðustu ár. Nýjung í ár er þó styrkur við mót sem KFÍ mun halda á haustin en Flugfélag Íslands mun bjóða sigurliði mótsins 12 fría flugmiða innanlands og mun mótið bera nafn Flugfélagsins.

Námsstyrkur til vestfirskra kvenna

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur. Tilgangur sjóðsins er að veita vestfirskum konum námsstyrki. Sjóðurinn styrkir nám á sviði menningar og lista, hérlandis sem erlendis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2008.

Umsóknum ásamt námsvottorðum, staðfestingu og upplýsingum um fyrirhugað nám sendist til undirritaðra.

Sigrún Guðmundsdóttir
Hjallavegi 23, 400 Ísafjörður
sigrunogbiggi@simnet.is

Jón Reynir Sigurvinsson
Menntaskólanum Ísafirði
Pósthólf 97, 400 Ísafirði
jon@misa.is



Shellskilti kom upp úr jörðinni þar sem bensínstöð Olís er að rísa. Á myndinni er Friðbjörn Óskarsson hjá Shell.

Shell skilti fannst á framkvæmdasvæði Olís

Framkvæmdir við nýjar bensínstöðvar Olís á Ísafirði og í Bolungarvík ganga vel. „Þetta gengur ágætlega og við gerum ráð fyrir að vera eitthvað fram í júlímánuð. Verkin á Ísafirði og í Bolungarvík eru

á mjög svipuðu róli en við erum að vinna þetta samhliða hvoru öðru“, segir Ingvar Stefánsson, forstöðumaður framkvæmda-deildar Olís. Stöðin á Ísafirði rís við Suðurtanga þar sem áður voru ösku-

haugar til margra ára. Svo skemmtilega vildi til að er framkvæmdir hófust kom upp úr jörðinni gamalt Skeljungsskilti, sem óhætt er að segja að sé sköndin tilviljun. Fyrir eru tvær bensínstöðvar á Ísafirði,

við Hafnarstræti og á Skeiði, og ein bensínstöð í Bolungarvík. Þær stöðvar sem Olís hyggst koma upp í bæjunum tveimur verða sjálfsafgreiðslustöðvar og verður ekki hægt að versla þar neitt annað en bensín.

Vandaður og fjörugur djass

Mikil stemning var á tónleikum áströlsku djasshljómsveitarinnar The Hoodangers í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í síðustu viku. The Hoodangers hefur starfað í 13 ár og spilað á flestum helstu djasshátíðum heims og hvarvetna hlotið góðar undirtektir.

Hljómsveitin er þekkt fyrir að spila vandaðan og fjörugan djass, sem jafnframt er aðgengilegur til hlustunar. Engin undantekning var á því í Edinborgarhúsinu og spilageðin geislaði af djassistunum á sviðinu. Að loknum tónleikum voru þeir klappaðir upp og sýndu áhorfendur hrifningu sína með því að rísa úr

sætum.

The Hoodangers eru í hljómsveitarkerfi á Íslandi og hafði forsprakki sveitarinnar á orði að áhorfendur í Edinborgarhúsinu væru þeir bestu sem sveitin hefði spilað fyrir á manudagskvöldi frá upphafi. Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin kemur til Íslands en hún hefur heimsótt nágrannalönd okkar nokkrum sinnum á starfsferlinum. Frá Íslandi halda The Hoodangers til Danmerkur þar sem þeir spila m.a. á Djasshátíð Kaupmannahafnar.

Hljómsveitin fór inn í Vigur í skoðunarferð og hafði að sögn viðstaddra mjög gaman af.



The Hoodangers skoðuðu eyjuna Vigur í heimsókn sinni til Vestfjarða. Ljós: Þorsteinn J. Tómasson.

Sjóstangaveiðimót í júlí

Aðalmót Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga verður haldið dagana 4.-5. júlí. Mótið er hið fimmta í röð átta móta sem haldin eru víðs vegar á landinu og er liður í Íslandsmeistarámótinu í sjóstangaveiði. Róið verður frá Bolungarvík og lát-ið úr höfn kl. 6 báða dagana. Fyrri daginn er veitt til kl. 14 en til kl. 13 seinni daginn.

Mótssetning verður fimmtudaginn 3. júlí kl. 20.30 í Einarshúsi í Bolungarvík. „Búast má við sjóstangaveiðimönnum frá öllum landshlutum enda Vestfirðir vinsælir fyrir sjóstangaveiði“, segir í tilkynningu.

Auk verðlauna fyrir sigur í sveita- og einstaklingskeppni verða veitt verðlaun fyrir

stærstu fiska einstakra tegunda, fyrir stærsta fisk mótsins, til aflahæsta heimamannsins, fyrir flestar veiddar tegundir, hæstu meðalþyngd og til þriggja fengsælustu skipstjórnanna. „Búast má við að veiða þorsk, ufsa, ýsu, karfa, steinbít, sandkola, lúðu, lýsu og marhnút. Ekki er ólíklegt að skötuselur, makrill og flundra

veiðist en þessar tegundir veiðast í auknu mæli hér við strendur landsins í kjölfar hlýnandi sjávar“, segir í tilkynningu.

Þátttökugjald er 15.000 krónur og er innifalinn veislumáltíð og miði á dansleik. Skráning er hjá Þóri í síma 896 3157 og Sigríði í síma 897 6782. – thelma@bb.is



Miklar annir á afmælisárinu

Hestamannafélagið Hending á Ísafirði er tvítugt í ár. Afmælisárið verður viðburðarríkt hjá hestamönnum sem stefna um þessar mundir að miklum framkvæmdum á nýju svæði þeirra í Engidal í Skutulsfirði. Bæjarins besta sló á þráðinn til formanns félagsins, Marinós Hákonarsonar, og spurði út það sem er liðið og óliðið.

Tvítugir í ár

– Þið í hestamannafélaginu Hendingu eruð að halda upp á stórafmæli núna í ár, er ekki svo?

„Jú, mikið rétt. Það er nýliðið, var haldið upp á tvítugsafmælið með pompi og prakt með veislu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.“

– Svo við förum lauslega yfir sögu félagsins. Söguslóðir eru mestmegnis í Hnífsdal.

„Hnífsdalur var eina svæðið sem ísfriskum hestamönnum bauðst að byggja á og því var öll uppbyggingin þar lengst af. Menn voru byrjaðir að byggja á Búðartúni 1982 og félagið var stofnað sex árum seinna, eða árið 1988.“

– Þið voruð ekkert byrjaðir að hugsa til Engidals á þeim tíma, var það nokkuð?

„Nei, okkur bauðst náttúrlega ekkert annað en þetta á þeim tíma. Skipulagsyfirvöld bæjarins buðu okkur bara upp á þennan stað. Hestamennskan var ekki hátt skrifuð sem íþrótt á þessum tíma og því kannski eðlilegt að það hafi ekki verið lagt mikið land undir þá sem hana iðkuðu.“

Vaggan var í Hnífsdal

– En Hnífsdalur hentaði ágætlega fyrir hestamenn, með góðum reiðleiðum í nágrenninu og svona?

„Vagga hestaíþróttarinnar var auðvitað í Hnífsdal á þessum tíma. Þá voru ungir menn eins og Karl Geirmundsson og Guðmundur Helgason og fleiri sem vildu byggja upp þar. Að vísu voru menn inni á Hauganesi og víðar sem voru með hross, Þorvarður Kerúlf, Arnór Jónsson, Kristmann Kristmannsson, Konráð Jakobsson og fleiri. En skipulagslega séð var Búðartún eina svæðið sem kom til greina. Þar tóku menn sig því saman og byggðu hesthús.“

Félagið var síðan stofnað utan um þessa uppbyggingu, og tveimur dögum eftir stofnunina var byrjað að byggja reiðvöllinn. Tilgangurinn með stofnun þessa félags var að bæta aðstöðu hestamanna. Menn höfðu að vísu tekið sig saman óformlega ári áður og byrjað að laga til, en uppbyggingin hófst af fullum krafti eftir að félagið var stofnað árið 1988.“

Óslétt land og dýr vallargerð

– Og þetta gekk nokkuð hratt fyrir sig, er það ekki? Reiðvöllurinn varð tilbúinn á tiltölulega stuttum tíma?

„Menn fóru auðvitað langt fram úr sjálfum sér og kláruðu þetta á tveimur og hálfu ári. Að framkvæmdum loknum vorum við komnir með mjög góða aðstöðu og fengum ekkert annað en hól fyrir frá hestamönnum annars staðar að af landinu. Í rauninni voru þetta algjörar toppaðstæður miðað

við það sem var að gerast í sambærilegum sveitarfélögum annars staðar á landinu á þessum tíma.“

– Nú hafa einhverjir undrað sig á þeim kostnaðartölum sem eru nefndar þegar rætt er um reiðvallargerð. Fyrir ókunnuga gæti sýnst eins og það þurfi bara að slétta landið örliði, henda á mól og reisa girðingu. En þetta er flóknara en svo, eða hvað?

„Jú, þetta er nú svolítið flóknara. Svo var vallarbyggingin í Hnífsdal óvenju dýr þar sem landið var langt í frá slétt þegar við komum að því. Það var bara gert flatt og haft töluvert mikið fyrir því.“

Gæti orðið milljónatjón

„Við kjöraðstæður, þar sem komið er að flötu landi með ákjósanlegum jarðvegi, er hægt að byggja reiðvöll fyrir miklu minni pening en gert var í Hnífsdal. Svona mannvirki þarf samt að byggja samkvæmt mjög ákveðnum stöðlum varðandi halla í brautum sem má ekki fara yfir ákveðið mörg prómill, hörku í undirlagi og annað slíkt. Þetta er eiginlega bara eins og að byggja hlaupabraut fyrir menn.“

– Hestar geta jú meitt sig eins og menn. Annað eins hefur nú gerst, kannski sérstaklega á lélegum völlum?

„Já, við höfum sér stórslys hvað þetta varðar þar sem hestar eru að brotna illa. Ég segi nú ekki að Vestfirðingar séu yfirleitt með einhverja milljónagrip í klofinu, en hjá mörgum getur það verið tugmilljóna króna tjón ef það skemmist skepna sem er verð-

launagæðingur.“

Fóru strax að halda mót

– Fóruð þið fljótlega að halda mót og fá til ykkar aðkomuknappa frá öðrum landshlutum?

„Í gegnum tíðina hefur ekki verið neinn straumur af keppendum annars staðar að af landinu. Nema að sjálfsöğðu gamlir félagar sem koma að sunnan til að heimsækja okkur á hátíðardögum. En við vorum samt sem áður strax eftir stofnun félagsins farnir að halda mót, bæði félagsmót og úrtökumót fyrir landsmót og fjórðungsmót. Á þau hafa komið meðal annarra félagar úr hestamannafélaginu Stormi. Það er okkar nágrannafélag sem við eigum mikil samskipti við.“

– En menn frá Norðurlandi svo dæmi sé tekið, það er kannski frekar langur akstur fyrir þá að fara með hrossin?

„Já, það er frekar langt. Hitt er svo aftur að okkar félagar í Reykjavík hafa komið nær undantekningarlaust á hverju ári með sín hross og keppt hjá okkur.“

Sér landið í öðru ljósi

– En þátttaka ykkar á hestamannamótum annars staðar, hafið þið mikið verið að flakka um landið?

„Við höfum síðustu árin látið minna að okkur kveða, en við förum alloft á landsmót og fjórðungsmót, til að mynda eitt í Skagafirði og annað á Snæfellsnesi. Svo höfum við farið vestur á Sanda, nokkrir af okkar félagsmönnum. Þá

er mikið um frjálsar útreiðar og ferðir. Sumar þeirra hafa verið nokkuð langar og tímafrekar, til að mynda á þessi fjórðungsmót á Snæfellsnesi. Það eru náttúrlega skemmtilegustu ferðirnar, hálfsmánaðarreisur. Þetta er ákveðinn lífstíll og í raun eitt það skemmtilegast við hestamennskuna þegar maður ríður yfir landið. Maður upplifir ferðina allt öðru vísi en þegar maður fer þetta á bíl. Maður sér landið í allt öðru ljósi.“

Máttu ekki sinna hrossum í 68 daga

– Hvenær gerðist það að þið fóruð að líta til Engidals sem framtíðarlands?

„Það gerðist fljótlega eftir að snjóflóðið féll á Súðavík. Þann vetur var okkur bannað að fara í hesthúsin frá 16. janúar til loka aprílmánaðar. Mig minnir að þetta hafi verið 68 dagar þar sem við máttum ekki fara í húsin. Við förum með snjóflóðaylur og köstuðum föðri í hestana, en hestamennskan er náttúrlega engin við þannig aðstæður. Menn eru misjafnlega tilfinningaríkir í þessu og margir tóku það mjög inná sig að þurfa að vera með skepnurnar við þessar aðstæður.“

Upp úr því var farið að vinna skipulag í Engidal. Það var tilbúið 2001 og síðan þá hefur verið hæg og bitandi uppbygging. Núna lítur út fyrir að uppbyggingin fari að ganga hraðar fyrir sig. Það hefur gifurleg áhrif þegar keyptir eru upp 70 básar, það hefur bæði kosti og ókosti. Ókosturinn er að fyrir vikið voru menn að hola niður hrossum á öllum mögulegum

og ómögulegum stöðum fyrst um sinn. Kosturinn er kannski sá að hestamenn byggja upp á einum stað.

Núna er verið að byggja á fullu í Engidal. Það eru tvö fullbyggð húsn, og verið er að byggja það þriðja. Annars er rými fyrir fjórtán húsn á svæðinu.“

– Og svo eru heljarinnar framtíðarplön um reiðhöll og –völl og annað í þeim dúr?

„Jú, jú. Þegar svæðið í Engidal var skipulagt var það gert í fullu samráði við hestamenn og það var í raun mjög gaman að vinna við þær aðstæður. En það vantar náttúrlega bara þennan lokahnykk til að byggja upp þetta svæði. Heildarkostnaðurinn verður eitthvað í kringum 120-150 milljónir króna. Og það er eitt-hvað sem hestamenn byggja ekki á einni nóttu. Því veltur mikið á samningum um bætur fyrir aðstöðu hestamanna í Hnífsdal. En þetta kemur á endanum.“

– Að lokum, hvernig verður sumarið hjá ísfriskum hestamönnum? Ykkur ætti ekkert að leiðast í sumar?

„Það sem hangir á okkur stjórnarmönnum fyrst og síðast er þessi uppbygging og þessi uppkaup í Hnífsdal. En hinn almenni hestamaður eyðir sumrinu á mjög fjölbreyttan hátt að vanda. Sumir eru meira að segja með aðstöðu til að stunda hestamennsku á hálfgerðum sveitarbýlum sem þeir eiga og þar sem þeir hafa aðstöðu til að fara í útreiðartúra. Það verður alveg nóg að gera fyrir hestamenn í sumar eins og áður og ég get ekki ímyndað mér að nokkrum eigi eftir að leiðast.“

– halfdan@bb.is

Mannlífið

Smáauglýsingar

Til sölu er Toyota HiLux, ekinn 181 þús. km. Gull eintak. Uppl. í síma 869 5053.

Óska eftir dekkjum undir Subaru Forrester, 205/70 15", með en án felga. Uppl. í síma 694 9251 (Agnieszka).

Áttu amerískan Cocker sem þarfnast snyrtingar? Tek að mér klippingar á Cocker hundum. Verð fyrir vestan 2. júlí. Uppl. í síma 869 5405.

Til sölu er Apple Iphone, 8Gb. Uppl. í síma 847 8531.

Til sölu eru tvær nýjar útihúróir. Vinstri opnun. Seljast með góðum afslætti. Uppl. í síma 456 3470 eða 862 3470.

Stórsigur hjá BÍ/Bolungarvík

Sameinað knattspyrnulið Ísafjarðar og Bolungarvíkur lagðist í viking suður yfir heiðar og kom heim með þrjú stig í farteskinu eftir góðan sigur á KFG á Stjörnuvelli í Garðabæ á laugardag. Þrátt fyrir brösuglega byrjun hrökk vestfirska knattspyrnuvélín loks í gang og Pétur Geir Svavarsson skoraði fyrsta mark leiksins um miðjan fyrri hálfleik eftir vandræðagang í teig KFG manna. Staðan var 0 – 1 í hálfleik en Djúpmenn voru ekki hættir.

BÍ/Bolungarvík tók öll völd í leiknum í seinni hálfleik og var nóg um tækifæri til að bæta við mörkum. BÍ/Bolungarvík gerði út um leikinn með þriðja markinu undir lokin þegar Serbinn Goran Vujic skoraði með föstum skalla eftir hornspyrnu, og 0 – 3 sigur gestanna staðreynd.

– halfdan@bb.is



Honda CBR 600

Til sölu er Honda CBR 600, árg. 2007, ekinn 4.600 km. Ásett verð er kr. 1,2 milljónir. Gott áhkvílandi lán sem mögulegt er að yfirtaka.

Frekari upplýsingar í síma 849 3808.

Spurning vikunnar

Hefur þú misst ökuréttindin?

Alls svöruðu 725.

Já sögðu 129 eða 18%
Nei sögðu 596 eða 82%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Viljum læra sem mest um menningu Vestfjarða

Hjónin Marius og Karen Borns eru nýflutt til Súðavíkur frá Þýskalandi og starfa þar við ferðaþjónustu en þau eru einnig komin til Vestfjarða sem trúboðar Votta Jehóva. Þau eru afar spennt að kynnst Vestfirðingum og íslenskri tungu og menningu um leið og þau boða boðskap sinn. Vottar Jehóva hafa vígt sig Guði til að gera vilja hans og þeir reyna að standa við það vígsluheit. Þeir leitast við að láta orð Guðs og heilagan anda hans leiða sig í öllu sem þeir gera. Vottarnir láta sig varða velferð annarra og vilja gjarnan stuðla að friði og skilningi milli manna. Þá langar til að upplýsa aðra um hverjir þeir séu, um trú sína, starfsemi og afstöðu til mannlífsins og heimsins.

–Hvaðan komið þið?

„Ég er frá Þýskalandi en Karen er frá Frakklandi. Við giftum okkur fyrir þremur árum og bjuggum upp frá því saman í Þýskalandi“, segir Marius.

– Hvað kom til að þið kom-

uð til Íslands og Vestfjarða?

„Við vorum bæði vottar Jehóva þegar við giftumst og við vildum gera eitthvað fyrir málstaðinn. Við byrjuðum að vinna aðeins hálfan daginn, en Karen er hjúkrunarkona og ég er innanhúsarkitekt, og til-einkuðum helming dagsins boðun fagnaðarerindisins. Þegar við vorum komin með góðan og fastan grunn í okkar hjónabandi langaði okkur að láta gott af okkur leiða. Á hverju ári gefa Vottar Jehóva út nokkurs konar árbók um allan heim og stundum eru tekin fyrir sérstök lönd. Árið 2005 var umfjöllun um Ísland í árbókinni þar sem rakin var saga Votta Jehóva í landinu. Okkur fannst það mjög áhuga-vert og hugsuðum með okkur að þarna gætum við ef til vill komið að góðu gagni. Svo við ákváðum að koma hingað.

Við búum í Súðavík núna þar sem við erum að vinna hjá Sumarbyggð í sumar en það gæti vel verið að flytjum okkur yfir til Ísafjarðar eða Hnífsdals í vetur“, segir Marius.

Tekið opnum örmum

– Hvernig list ykkur á Vestfirði?

„Við kunnum afar vel við Vestfirði. Hér er mjög fallegt enda er sumar en við höfum heyrt að veturnir séu erfiðir og líklega verður svo sérstaklega fyrir okkur sem komum frá Þýskalandi og Frakklandi og eigum ekki að venjast slíku. En það sem skiptir meira máli er að við sem erum svona langt að heiman upplifðum strax á fyrstu samkomu okkar á Ísafirði að við værum heima. Við vorum mjög trúarlega sinnuð í Þýskalandi og hér erum við að fá nákvæmlega það sama út úr samkomum og við fengum heima. Við erum að ræða um sömu hlutina og lesa sömu ritin. Jafnvel þótt við skiljum ekki tungumálið enn var okkur tekið með opnum örmum og þetta var mjög sérstök reynsla fyrir okkur. Við höfum tekið eftir því frá komu okkar að fólkið hér er mjög opið og vinalegt, mun

meira en í Evrópu“, segir Marius

– Hve lengi ætlið þið að vera hér?

„Við erum ekki búin að ákveða það og ætlum að láta það ráðast. Við ákváðum áður en við komum að setja okkur ekki tímamörk svo að ef við myndum koma aftur eftir skamman tíma væri okkur ekki að mistakast. Við ætlum bara að biða og sjá og ef okkur líður vel hérna ætlum við að dvelja áfram. Við höfum þó undirbúið okkar fyrir að vera hér í lengri tíma“, segir Karen.

„Við þurfum að minnsta kosti að vera hér í ár til að ná tökum á tungumálinu. Íslenska er frekar erfitt tungumál til að læra þar sem þið notið ekki sömu svæði í munnum til að bera fram orðin og við í okkar tungumálum. Það er reyndar mjög gott að við förum á samkomur og þurfum að tala við annað fólk og eins þegar við berjum á dyr á fólki til að dreifa boðskapnum, það þrýstir á okkur að tala tungumálið og vonandi læra það

fyrir en ella“, segir Marius.

„Það er einmitt mikil hvatning að læra tungumálið til að geta kynnt biblíuna fyrir fólki á þeirra eigin tungumáli. Það er tungan sem snertir hjarta manns og eins og fyrir mér er franska biblían hin heilaga biblíja og vitaskuld er sú íslenska heilög fyrir Íslendingum“, segir Karen.

„Við reynum eins og við getum og lærum smátt og smátt. Þetta kemur með tímanum. Við vonumst til að geta lært sem mest um menningu Vestfirðinga á meðan við dveljum hér. Við erum líka mjög spennt fyrir því að boða boðskap biblíunnar því þótt hún sé afar gömul á hún fullt erindi í nútímanum og getur gefið fólki von um framtíðina.

Ég vona að fólk sjái að við erum hér í góðum tilgangi og til að láta gott af okkur leiða og ekki eingöngu til að kynnst svæðinu. Við vonumst til að eiga góð samskipti við Íslendinga“, segir Marius.

– thelma@bb.is

Sparkvallarleikar í Ísafjarðarbæ

HSV og Ísafjarðarbær efna í sumar til sparkvallarkeppni milli hverfa. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að krakkar skrá liðið sitt á ákveðinn völl í hverfinu sínu. Keppt verður innan hverfis um sæti í úrslitum og mun eitt lið í hvorum aldursflokki komast áfram á sparkvallarleikana sem verða helgina 13.-14. september. Flokkaskiptingin verður þannig að krakkar fæddir 1994-1996 verða saman og krakkar fæddir 1997 og síðar verða saman. Fimm leikmenn verða inn á í hverju liði en auðvitað geta liðin verið stærri: Hverfaskiptingin verður eftirfarandi: Hnífsdalur, eyrin neðan Túngötu, efri bærinn, fjörðurinn, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Skráning liða á að berast á netfangið bolti@isafjordur.is og þarf að koma fram hver er í forsvari. Þátttökulið verða birt á heimasíðu HSV 15. júlí.



Á þriðja hundrað þátttakenda á íþróttahátíð leikskólabarna

Á þriðja hundrað þátttakenda voru á íþróttahátíð leikskóla Ísafjarðarbæjar sem að þessu sinni var haldin á Flateyri í fimmtudag. „Íþróttahátíðin okkar gekk frábærlega og veðrið var algjörlega í okkar liði, hefði ekki getað verið betra. En það voru 230 börn og kennarar sem voru saman komin á Flateyri, byrjað var á skrúðgöngu og síðan skiptust hóparnir niður á stöðvar sem voru vítt og breytt um bæinn. Elstu börnin fengu að vera svoltið sérstök en þau fóru í göngu á varnargarðinn, Jón Svanberg bauð þeim í siglingu og svo var stór þrautabraut og

trampólín í íþróttahúsinu. Síðan var heljar grillveisla fyrir allt liðið“, segir Jóna Lind Karlsdóttir, leikskólastjóri Eyrarskjóls. Sameiginleg íþróttahátíð leikskólabarna í Ísafjarðarbæ er árlegur viðburður en hún er haldin til skiptis í byggðakjörnum sveitarfélagsins. Leikskólar Ísafjarðarbæjar eru; Bakkaskjól í Hnífsdal, Eyrarskjól á Ísafirði, Græni-garður á Flateyri, Laufás á Þingeyri, Sólborg á Ísafirði, og Tjarnarbær á Suðureyri. Meðfylgjandi myndir voru teknar á hátíðinni.

– thelma@bb.is



Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðan 8-13 m/s og væta norðan- og austanlands, en úrkomulítið suðvestantil. Kólnar heldur í veðri. **Horfur á laugardag:** Norðaustanátt og rigning með köflum norðan- og austanlands en þurrt og bjart suðvestantil. Hiti 5-15 stig. **Horfur á sunnudag:** Norðaustanátt og rigning með köflum norðan- og austanlands en þurrt og bjart suðvestantil. Hiti 5-15 stig.



Sælkeri vikunnar er Arna Grétarsdóttir á Ísafirði

Chili Con Carne og ábrystir

„Fyrst býð ég upp á salsa sem gott er að gæða sér á meðan shili Con Carne er að malla. Þar sem ég er með einn sveitastrák á heimilinu finnst mér við hæfi að bjóða upp á einn íslenskan eftirrétt, þó svo hann sé ekki alveg í takt við hina réttina.“

Salsa

200 g/½ dós rjómaostur
200 g sýrður rjómi
50 g majones
2-3 tómatar
½ paprika
½blaðlaukur (púrru)
1 dós rauð salsa – mild
Ostur

Blandið rjómaosti, sýrðum rjóma og majonesi saman. Bætið svo söxuðum tómötum, papriku og blaðlauk út í. Setjið þetta í grunnt form, setja salsa ofan á og svo rifinn ost. Mjög gott kalt en einnig hægt að hita í ofni. Gott með Doritos-Cool American

Chili Con Carne

Innihald: (magn skiptir ekki miklu máli)
700-1000 g nautahakk
2 stk laukur
6 geirar hvítlaukur
5 dósir saxaðir tómatar
5 dósir red kidney beans
6 stk ferskur rauður chili pipar

4 stk ferskur grænn chili pipar
Salt
Pipar
Chili powder (rautt chili duft í krydd formi eða dós)

Saxið lauk, hvítlauk, chili pipar og steikjið á pönnu. Bætið svo hakki við og kryddið með salti og pipar. Hellið tómötunum og baununum út í og kryddið vel með chili duftinu ca ¼ af dósinni. Saltið eftir smekk og láta malla við lágan hita í einn klukkutíma.

Berist fram eftir smekk: Í tortilla kökur eður ei, nachos eður ei, með rifnum osti, sýrðum rjóma, guacamole, salsa o.s.frv., ferskum tómötum, káli, o.s.frv.

Ábrystir/Broddmjólk

Blandið smá mjólk og smá salti út í broddmjólkina. Setjið í könnu og sjóðið í vatnsbaði þar til þetta verður vel stíft, getur verið allt upp í klukkutíma, fer eftir magni. Borið fram með kanilsykri og mjólk, einnig gott með safti. Fyrir þá sem ekki vita þá er broddmjólk fyrsta mjólkinn sem kemur úr kúnni eftir burð.

Ég vil tilnefna Kristínu G. Guðmundsdóttur á Ísafirði sem næsta sælkeri vikunnar.

Bojan til liðs við Grindavík

Bojan Popovic hefur skrifað undir samning við úrvalsdeildarlið Grindavíkur í körfuknattleik. Bojan hefur spilað síðustu tvö tímabil í herbúðum KFÍ og hefur staðið sig vel en hugsar sér nú til hreyfings til að takast á við spennandi verkefni í efstu deild í körfubolta.

Þrátt fyrir brottför Bojan er KFÍ engan veginn á flæðiskeri statti í leikmannamálum. Margir ungir strákar eru við það að brjótast upp í meistaraflökk og einnig er KFÍ í viðræðum við nýja leikmenn. Það verður því spennandi að fylgjast með ísírskum körfubolta í vetur.



ÍSFUGL

40%
afsláttur

248

kr/kg
Verð áður 413 kr/kg

Hvítlaufs kjúklingavængir

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 26. júní - 29. júní

25%
afsláttur

GÓÐI



1.718

kr/kg
Verð áður 2.290 kr/kg

Lambalærisneiðar
úr kjötborði*

25%
afsláttur

GÓÐI



1.627

kr/kg
Verð áður 2.168 kr/kg

Lambalæri með
ferskum kryddjurtum

25%
afsláttur



1.398

kr/kg
Verð áður 1.867 kr/kg

Léttreyktur hunangsgrís



Vínarbrauð

445

kr/pk
Verð áður 539 kr/pk

Kanilsnúðar

445

kr/pk
Verð áður 579 kr/pk

299

kr/pk
Verð áður 417 kr/pk

Hatting filone
speltbrauð 250 gr



Berjadagar í Samkaupum

59

kr/pk

Maryland kex

89

kr/pk
Verð áður 129 kr/pk

Svali 3x 250 ml

119

kr/stk
Verð áður 179 kr/stk

Pepsi og
Pepsi Light 2 ltr

Samkaup

úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 26. júní - 29. júní • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötbörð eru á staðnum